

## 4. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2018-2019 haldinn föstudaginn 5. apríl febrúar 2019 kl. 8:10

Mættir voru: Bára Jóhannsdóttir skólastjóri, Krístrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Rós Vilhjálmsdóttir og Karen Björk Guðjónsdóttir fulltrúar kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Guðlaug Björk Karlsdóttir og Kristín Clausen fulltrúar foreldra og Hrafnhildur Árnadóttir fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

- Nemendaráð
- Skóladagatal 2019-2020
- Rekstrarniðurstaða
- Önnur mál

Bára setti fundinn og gekk til dagskrár.

### Nemendaráð

Fulltrúar úr nemendaráði þau Þórdís Bjarkadóttir og Alex Þór Júlíusson komu á fund ásamt Hafsteini Bjarnasyni, aðstoðarforstöðumanni Fjörgynjar og gerðu grein fyrir starfi ráðsins. Efst á baugi hjá nemendaráðinu er skipulagning félagsstarfsins en þar stendur upp úr þessa dagana undirbúningur árs hátíðar. Ráðið hittist í 40 mínútur í hverri vikur auk þess að vera með grúppur á samfélagsmiðlum og skipuleggur félagsstarf skóla og félagsmiðstöðvar. Nemendur segja mætingu góða í Fjörgyn og upplýsa fundarmenn um að algengt sé að unglingar heimsæki einnig aðrar félagsmiðstöðvar. Nemendur eru ánægðir með starfið og segja að miklu máli skipti að vera í góðum vinalópi svo þeim gangi vel. Fram kom að reglulega er skipulögð fræðsla bæði í skóla og félagsmiðstöð og finnst þeim það vera góð tilbreyting sem komi þeim að gagni. Umræða var um að það mætti skapa meiri stemningu meðal nemenda um Skólahreysti. Þá spurði Hrafnhildur hvort árbók væri á dagskrá fyrir útskriftarnemendur í vor.

### Skóladagatal næsta skólaárs

Bára fór yfir skóladagatal 2019-2020. Athygli vakin á því að 179 dagar eru innan skólasetningar og skólaslita og því einn dagur tvöfaldur. Á þeim degi verður 35 ára afmælishátíð Foldaskóla að loknum skóladegi. Engar athugasemdir gerðar.

Bára sagði frá því að útskrift nemenda núna í vor væri 6. júní kl. 18 í Grafarvogskirkju, sama dag og vordagur er í skólanum. Skólaslit eru 7. júní á eftirfarandi tíma:

- 1. - 4. bekkur kl. 10:00
- 5. - 7. bekkur kl. 10:30
- 8. - 9. bekkur kl. 11:00

### Rekstrarniðurstaða

Bára sagði að rekstur skólans væri á áætlun. Forföll starfsmanna hafa reynst skólanum dýr en lagt er upp með að manna forföll eins og unnt er.

### Önnur mál

Rætt um það hvað jákvæðni og góður árangur skiptir miklu máli í skólastarfinu.

Fundi slitið kl. 9:27  
Krístrún Guðjónsdóttir